



DKG

INTERNATIONAL SOCIETY
FOR KEY WOMEN EDUCATORS

Haust 2019

*Félag kvenna í fræðslustörfum
á Íslandi*



Lífsleikir

Spurningar án svara
um hver sé svona stór.

Svörin týnd í spurningum
um hvert allt fólkið fór.

Orð hnoðuð
í hnykil
köstum
á milli
breytist
í glóandi
fjöregg,
höldum
á lofti.

Eitt upphaf
einn endir
aftur og aftur.

Harpa Rún Kristjánsdóttir
Verðlaunahafi Bókmenntaverðlauna
Tómasar Guðmundssonar 2019



Samskipta- og útgáfunefnd færir ykkur góðar óskir í upphafi þorra

Nýgræðingar í samskipta- og útgáfunefnd hafa tekið við fráfarandi reynsluboltum sem við færum góðar þakkir fyrir að leiða okkur fyrstu skrefin.

Haustfréttabréfið spannar tímabilið frá síðasta vorfréttabréfi til áramótanna 2019/20 og er prófraun nýju nefndarinnar. Í fréttabréfinu ber fyrst að nefna ávarp frá Ingibjörgu Guðmundsdóttur landssambandsforseta þar sem hún fjallar um starfið hjá landssambandi DKG á Íslandi. Einnig eru pistlar frá Ingibjörgu Jónasdóttur Evrópuforseta og Helgu Magneu Steinsson fulltrúa DKG á Íslandi í Evrópu Forum nefndinni.

Fréttir af starfi deilda er fastur liður í fréttablaðinu og treystir samskipta- og útgáfunefnd á innsent efni og myndir frá einstökum deildum. Þar má lesa um fjölbreytileika starfsins í allri sinni mynd og þar má fá góðar hugmyndir frá starfi annarra deilda. Í þessu fréttabréfi birtast pistlar deildanna í stafrófsröð.

Hlutverk nefndarinnar er að sjá um að undirbúa og gefa út fréttabréf DKG sem kemur út tvisvar á ári, að þessu sinni í janúar en venjan er að það komi út í desember og síðan að vori. Við öflun efnis er haft samband við formenn deilda sem bera ábyrgð á að fréttapistlar frá deildum berist. Allar deildir DKG sendu inn pistla að þessu sinni og þakkar nefndin formönnum góð viðbrögð.

Eygló Björnsdóttir vefstjóri DKG á Íslandi hefur verið okkur nefndarkonum innan handar við að setja fréttabréfið á vefinn og þökkum við henni ómælda þolinmæði og skjót svör við fyrirspurnum nýgræðinga.

*Samskipta- og útgáfunefnd DKG
Edda Pétursdóttir
Hildur Skarphéðinsdóttir
Svana Friðriksdóttir*





Ávarp frá landssambandsforseta Ingibjörgu E. Guðmundsdóttur

Starfið hjá landssambandi DKG á Íslandi

Liðið ár var annasamt fyrir Delta Kappa Gamma samtökin á Íslandi. Þar skipti mestu máli að við höldum alþjóðlega ráðstefnu hér á landi í júlí. Undirbúningur hvíldi á stýrihópi og fimm nefndum, sem sáu um mismunandi verkefni; dagskrárnefnd, viðburðanefnd, skráningarnefnd, fjölmiðlanefnd og fjárhagsnefnd. Alþjóðasamtökin eru ábyrg fyrir alþjóðaráðstefnunum og forseti Evrópusvæðisins sem fulltrúi þeirra þegar ráðstefnan er í Evrópu. Við tefldum fram stórum hópi, um 40 félagskonum sem lögðu sitt af mörkum til að gera ráðstefnuna ógleymanlega þeim sem sóttu hana.

Þátttakendafjöldinn fór fram úr væntingum. Undirbúningur miðaði við að þátttakendur yrðu um 200, en heildarfjöldinn með fyrirlesurum varð yfir 250 manns. Íslendingar voru 31% þátttakenda, þátttakendur frá öðrum Evrópulöndum (Finnlandi, Noregi, Svíþjóð, Eistlandi, Bretlandi, Hollandi og Þýskalandi) voru 42% og því voru 73% þátttakenda frá Evrópu. Þátttakendur frá Bandaríkjunum, Suður-Ameríku og Kanada voru 27% af heildarfjölda. Íslensku félagskonurnar voru fjölmennastar eða um 67, en þar á eftir voru bandarískar konur 51 alls.

Stýrihópurinn verkstýrði allri vinnu við ráðstefnuna ásamt því að halda utan um nokkra verkþætti. Það kom vinnu stýrihópsins mjög vel að hafa gögn frá því að samtökin héldu alþjóðaráðstefnu árið 2003 til að skoða, þannig varð undirbúningur markvissari. Samskipti við hótelið um sali og veitingar var einn þeirra þátta sem stýrihópur annaðist. Annar var dagskráritið, efni þess, yfirlestur og prentun. Stýrihópurinn tók afstöðu til tillagna frá nefndum, fylgdist með fjármálum og stöðu skráninga. Auk þess voru ýmis smærri mál á borði stýrihópsins, m.a. ætlaði stýrihópurinn að fá ávarp frá yfirvöldum menntamála, en það gekk illa vegna sumarfría. Lausnin varð að heyra raddir ungrar manneskju og eldri og reyndari manneskju um menntamál. Það reyndist heillaskref og ráðstefnan tók flugið strax í upphafi.



Það er mikil áskorun að bjóða upp á dagskrá, sem hittir í mark hjá svona stórum og fjölbreyttum hópi. En það er óhætt að segja að dagskrárnefndinni undir forystu Guðnýjar Helgadóttur, Gammadeild, tókst sérlega vel upp í þessu verkefni. Alþjóðasamtökin úthlutuðu okkur þema ráðstefnunnar „faglegar rannsóknir“, en dagskrárnefndin óskaði eftir því að umfjöllunarefnið yrði breikkað og var það samþykkt. Það var því bæði fjallað um faglegar rannsóknir og fræðslustarf með áherslu á lærdómssamfélagið og grunnþætti þess; skapandi starf, gagnrýna hugsun, samskipti, samvinnu, borgararéttindi og mannkostamenntun. Fyrirlestrar ráðstefnunnar voru ellefu talsins og fjölluðu um þema ráðstefnunnar með einum eða öðrum hætti. Einnig var boðið upp á 30 vinnustofur um ýmis efni og 16 örfyrirlestra um enn fjölbreyttara efni.



Viðburðanefndin undir forystu Ingibjargar Einarsdóttur, Gammadeild, sá um tónlistaratriði og upplestur á ráðstefnunni, kvölddagskrár og ferðalög innanlands, sem boðið var upp á fyrir og eftir ráðstefnuna. Á ráðstefnunni lásu börn ljóð og spiluðu á hljóðfæri. Tónlistaratriði voru á báðum kvöldskemmtunum; *Iceland by night* og hátíðarkvöldverði, einnig á *Birthday lunch*, sem var lokaviðburður ráðstefnunnar. Gestum gafst kostur á Þingvallaferð og Krísuvíkurfærð fyrir ráðstefnuna og Borgarfjarðarferð eftir hana. Einnig var boðið upp á fríar gönguferðir um Reykjavík undir leiðsögn félagskonu. Nefndin lét vefa lykklakippur merktar samtökunum með spjaldvefnaði, sem allir þátttakendur fengu. Falleg gjöf var við diska þeirra sem sátu hátíðarkvöldverðinn, lítill heklaður poki með fallegum slípuðum, íslenskum steini og hugleiðsluæfingu. Þá stóð stýrihópur fyrir happdrætti eftir hátíðarkvöldverðinn, en það voru deildirnar sem gáfu vinningana. Mjög oft var um að ræða afar fallegar þrjónaafurðir félagskvenna. Landssambandið gaf aðalvinningana, skartgripni eftir Dýrfinnu Torfadóttur á Akranesi.

Skráningarnefndin undir forystu Eyglóar Björnsdóttur, Betadeild, sá um hönnun skráningarsíðu vegna ráðstefnunnar inn á vef landsambandsins, fylgdist með framvindu skráninga og annaðist samskipti við þátttakendur vegna skráningar. Skráning gekk vel og höfðu langflestir þátttakendur skráð sig áður en þátttökugjöldin hækkuðu 25. júní. Skráningarnefndin í samráði við stýrihópinn ákvað að leita uppi ódýra og umhverfisvæna lausn á nafnspjöldum og miðum á viðburði. Í samvinnu við fyrirtækið Samskipti var hannað pappaspjald með auðkenni þátttakanda framan á, en lista yfir þá viðburði sem viðkomandi hafði keypt, aftan á. Félagskonur sneru síðan bönd til að ráðstefnugestir gætu hengt spjöldin um hálsa sér. Með þessu móti tókst að losna alveg við plastumslög, sem venjulega eru notuð utan um nafnspjöld, en þau eru bæði rándýr og alls ekki umhverfisvæn.

Fjölmiðlanefndin undir forystu Ingileifar Ástvaldsdóttur, Mýdeild, hélt utan um heimasíðu ráðstefnunnar og uppfærði hana reglulega. Nefndin hélt einnig út fréttabréfi til þeirra sem höfðu skráð sig og urðu þau samtals sjö. Þátttakendur voru sérstaklega ánægðir með fréttabréfið og höfðu margar konur orð á því við skipuleggjendur hvað upplýsingar fyrir ráðstefnuna hefðu verið ítarlegar. Á vegum nefndarinnar var tekinn [fjöldinn allur af ljósmyndum](#), sem geyma minningar um ráðstefnuna.

Nefndin kynnti ráðstefnuna einnig opinberlega: Morgunblaðið tók viðtal við Cathy Daugherty alþjóðaforseta samtakanna og með því birtist mynd af fulltrúm alþjóðasambandsins ásamt nokkrum vel völdum fulltrúm íslensku samtakanna.

Tekið var viðtal á RÚV við Dr. Kolbrúnu Pálsdóttur sem flutti erindi á ráðstefnunni og Ingibjörgu E. Guðmundsdóttur, landsambandsforseta og formann stýrihóps ráðstefnunnar. Loks var tekið sjónvarpsviðtal í kvöldfréttum Stöðvar 2 við Ingileif Ástvaldsdóttur sem flutti erindi á ráðstefnunni. Ásamt þessu hélt nefndin úti síðu á Facebook, reikningum á Instagram og Twitter.



Fjárhagsnefndin undir forystu Jensínu Valdimarsdóttur, Deltadeild, sem jafnframt er gjaldkeri samtakanna, hélt utan um fjármál ráðstefnunnar. Nefndin leitaði fjárstuðnings við ráðstefnuna fyrir hönd Landssambands DKG mjög víða, en undirtektir voru ekki góðar. Það tókst þó að fá tvo góða styrki, frá ISAVIA og mennta- og menningarmálaráðuneytinu, sem við erum mjög þakklátar fyrir. Bókhaldi ráðstefnunnar hefur verið skilað til höfuðstöðvanna. Ráðstefnan stóð undir sér og vel það, en það má helst þakka aðhaldssemi í útgjöldum, góðu utanumhaldi og auðvitað öllu því sjálfboðaliðastarfi, sem félagskonur voru reiðubúnar til að inna af hendi. Listinn yfir þær er of langur til að birta hér, en fyrir hönd landssambandsins þakka ég þeim af alhug fyrir þeirra framlag.

Framkvæmdaráðsfundur var haldinn í september og þar var framkvæmdaáætlun samþykkt. Ný stjórn landssambandsins hefur þegar fundað þrisvar sinnum og lagt upp starfið á grundvelli framkvæmdaráætlunar. Á framkvæmdaráðsfundinum var ákveðið að halda aukafund til að ræða um hvort við viljum gera langtímaáætlun fyrir landssambandið, en alþjóðasambandið hvetur til að það sé gert. Aukafundur framkvæmdaráðs verður haldinn á vormánuðum. Forseti sendi út tvö fréttabréf fyrir áramót.

Á síðasta landssambandsþingi voru samþykktar margar laga- og reglugerðarbreytingar, eins og þið vitið margar hverjar. Síðastliðið haust sendu Alþjóðasamtökin okkur tékklista til að fara yfir hvort löggin okkar tækju á öllu því sem skiptir máli. Laganefndin hefur skoðað málið og eingöngu þarf að gera fáar breytingar á lögum og reglugerð. Að þeim verður unnið á næstu mánuðum og tillögur að breytingum síðan teknar fyrir á næsta landssambandsþingi.

Vorþingið okkar verður haldið í Borgarnesi þann 9. maí nk. Menntamálanefnd er að hefja undirbúning að innihaldi ráðstefnunnar og Deltadeildin hefur þegar hafið undirbúning að umgjörðinni. Ráðstefnan verður haldin á Hótelinu B59 í Borgarnesi sem gaf gott tilboð í gistingu og annan viðurgjörning. Það er tilhlökkunarefni að hitta félagskonur DKG á Íslandi í hvert skipti sem tækifæri gefst til þess og hvet ég ykkur til að mæta sem allra flestar.

Ég hlakka til nýs árs og nýrra áskorana með ykkur.

Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, landsambandsforseti DKG





Frá deildum

Alfa

Starfsárið hjá Alfadeild hófst á heimsókn okkar til umboðsmanns barna. Þar tók Salvör Nordal á móti okkur og sagði okkur frá starfi og verkefnum umboðsmanns. Hlutverk umboðsmanns barna er skilgreint í lögum um embættið og er meginhlutverk hans að vinna að bættum hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra. Umboðsmanni er m.a. ætlað að vekja athygli á réttinda- og hagsmunamálum barna almennt og felast helstu verkefni hans í að veita fræðslu, ráðgjöf og aðstoð til þeirra sem leita til embættisins. Salvör sagði okkur m.a. frá einu af verkefnum umboðsmanns, Barnaþingi 2019, sem haldið var í Hörpu í tilefni af 30 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þátttakendur voru börn víðsvegar að valin með tilviljunarkenndu úrtaki. Er þetta í fyrsta sinn sem slíkt þing er haldið um málefni barna en stefnt er að því í framtíðinni að halda slíkt þing annað hvert ár. Kynning umboðsmanns var afskaplega áhugaverð og fræðandi fyrir okkur Alfa-konur og markaði ánægjulegt upphaf starfsársins.

Nóvemberfundurinn var haldinn í Hofstaðaskóla í Garðabæ. Fundurinn var sameiginlegur fundur Alfadeildar og Lamdadeildar. Hafdís Bára skólastjóri Hofstaðaskóla og stjórnarkona í Alfadeild tók fallega á móti okkur og skapaðist strax góð stemning á fundinum. Ingibjörg Ásgeirsdóttir í Lamdadeild flutti orð til umhugsunar og sagði okkur frá skólaheimsókn Grandaskóla til Riga. Skólinn sem heimsóttur var leggur áherslu á úti- og skógarkennslu og er það stór hluti af námi nemenda. Að loknu orði til umhugsunar var komið að megin efni fundarins. Hjördís Þorgeirsdóttir ræddi um starfendarannsóknir bæði almennt en greindi einnig frá starfendarannsóknem sem kennarar í Menntaskólanum við Sund hafa unnið að.

Kynning Hjördísar var áhugaverð og gaman að sjá að slík vinnubrögð séu viðhöfð í framhaldsskólum.



Jólafundurinn var haldinn á Mími restaurant á Radisson Blu, Hótel Sögu. Fundurinn var hádegisverðarfundur þar sem tími gafst til að spjalla og njóta góðra veitinga. Gerður Kristný rithöfundur las úr ljóðabókum sínum, bæði eldri verkum en einnig úr níundu ljóðabók sinni Heimskauti sem út kom nú fyrir jólin. Gerður Kristný sem er ekki aðeins ástsælt samtímaskáld og frænka Sjafnar í Alfadeild var afskaplega skemmtileg og var góður rómur gerður að upplestri hennar. Að loknum upplestri var dregið í árlegu jólahappdrætti Alfadeildar með aðstoð jólasveins.

Janúarfundurinn var svokallaður vinkonufundur. Það er nýlunda hjá Alfadeild en þá máttu félagskonur taka með sér einn gest (vinkonu, systur, dóttur eða móður) á fundinn. Efni fundarins var núvitund en áður en að því kom flutti Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri í Korpuskóla og gjaldkeri Alfadeildar orð til umhugsunar. Orð Árnýjar til umhugsunar var *hvíld*. Hún minnti okkur á mikilvægi útiveru og talaði þá sérstaklega um fjallgöngur í því sambandi og þær áskoranir sem þeim fylgja. Hún kom inn á mikilvægi þess að við hættum ekki að leika okkur en minnti okkur líka á að gæta þess að hvílast vel. Orð Árnýjar töluðu beint til fundarmanna og mörkuðu ekki aðeins frábært upphaf fyrsta fundar ársins heldur voru þau einnig í góðu samhengi við það sem á eftir kom. Bryndís Jóna Jónsdóttir ráðgjafi og aðjúnkt á menntavísindasviði tók síðan við og sagði frá því hvað núvitund er og hvernig við getum nýtt okkur hana í dagsins önn, lífi okkar og starfi. Fundurinn sem haldinn var í Austurbæjarskóla var ágætlega sóttur.

Kristín Jóhannesdóttir, formaður Alfadeildar



Beta

Vetrarstarfið hefur verið blómlegt hjá Betadeild, það hófst með haustferð í september. Haldið var til Dalvíkur en í leiðinni staldrað við að Bökkvisstöðum þar sem súrdeigsbakarinn Mathias Julien Spoerry tók á móti hópnum og fræddi um vinnslu á hveiti, brauðbakstri og síðast en ekki síst bauð hann upp á ilmandi súrdeigsbrauð að smakka. Eftir fræðslu og smakk lá leið Betakvenna á veitingastaðinn Gísla, Eirík og Helga. Fræðsluerindi kvöldsins kom frá Elísu Rán Ingvarsdóttur hjúkrunarframkvæmdarstjóra á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Dalbæ sem fjallaði um farsæla öldrun. Í erindi sínu beindi Elísa Rán m.a. sjónum að því hve aldur sé afstæður, hve langt bil geti verið á milli þeirra sem teljast í hópi aldraðra þó oft sé talað eins og um einsleitan hóp sé að ræða og ákveðin staðalímynd liti umræðuna. Þetta var áhugavert erindi sem vakti talsverða umræðu í hópnum.



Á alþjóðadegi kennara laugardaginn 5. október 2019 stóðu Beta- og Mýdeild DKG fyrir samræðuþingi á Akureyri í samvinnu við Kennarasamband Íslands. Þingið bar yfirskriftina: "Hvenær mætast draumar kennarans og nemandans"? Dagskráin var fjölbreytt og skemmtileg og má sjá samantekt frá deginum á þessari slóð:

https://www.youtube.com/watch?v=yLz362w9CM&feature=youtu.be&fbclid=IwAR2s3lRnQWYxO-O9ffdO4w6slxogxiiVTszfUonDwu9Ct_dbu_ncRpWFJXk

Annar fundur haustsins var haldinn 22. október í Menntaskólanum á Akureyri. Fundurinn var með hefðbundnu sniði og meðal annars hugað að fjölgun í deildinni og farið yfir ný lög og reglugerðir um inntöku nýrra félaga. Hönnu Salómons dóttur voru færðar þakkir landssambandsstjórnar fyrir framlag hennar til alþjóðadæðingsins á liðnu sumri. Í lokin voru vangaveltur um einkunnarorðin: Verum vakandi og virkar út frá nýútkominni bók Andra Snæs *Um tímann og vatnið*.



Sameiginlegur jólafundur Beta-, Mý- og Nýdeilda var haldinn 28. nóvember í fallegu vetrarveðri á hóteli Kjarnalundi sem er staðsett í Kjarnaskógi. Dagskrá fundar fór fram milli rétta í borðhaldi ásamt samsöng sem María Gunnarsdóttir stjórnaði. Kristín G. Snæland úr Nýdeild flutti orð til umhugsunar. Gestur fundarins var Brynhildur Þórarinsdóttir rithöfundur og kennari við Háskólann á Akureyri. Hún fjallaði um lestur bóka og mikilvægi lesturs barna og unglunga fyrir íslenska tungu sem og aðra menningu. Hún sagði einnig frá tildrögum að nýútkominni bók, Ungfrú fótolti og las valinn kafla úr henni. Katrín Fjóra Guðmundsdóttir úr Mýdeild sagði frá dvöl á Nýja-Sjálandi á jólum fyrir nokkrum árum.

Það er óhætt að segja að Betakonur hafi verið bæði vakandi og virkar þetta haustið.

Sigríður Magnúsdóttir, formaður Betadeildar



Delta

Fundir haustsins voru annars vegar haldnir í Snorrastofu í Reykholti 24. október á degi Sameinuðu þjóðanna og hins vegar á Varmalandi í Stafholtstungum 27. nóvember.

Á fyrsta fundinum, sem haldinn var í vitlausu veðri, ætluðum við að hitta reiðkennara í Reykholtsdal en það stefnumót varð ekki og við máttum víst þakka fyrir að komast heim mun fyrr en áætlað var. Við höfum ástundað nýjan lið um nokkurt skeið sem er að lagið mitt er valið af einum félagi til að syngja saman og segir eilítið frá því, hvers vegna það varð fyrir valinu.



Sjöfn G. Vilhjálmsdóttir kveikir á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi – í Snorrastofu

Vetrarstarfið var rætt á fyrsta fundinum, skilaboð frá landssambandsstjórn, t.d. yfirskrift næstu tveggja ára: „Verum vakndi og virkar“ ásamt ákalli og hvatningu frá framkvæmdaráðsfundi samtakanna um að deildir út um landið standi fyrir fræðslufundum, t.d. um miðla-læsi og fjórðu iðnbyltinguna fyrir fleiri en félagi þeirra og láti sig almennt fræðslumálin í samfélaginu varða. Landssambandsstjórnin hefur valið Deltadeild til að sjá um rammann utan um vorráðstefnu samtakanna á komandi vori. Þessu var vel tekið í deildinni og þetta verkefni sett á starfsramma fyrir veturinn. Deildin á einnig von á heimsókn frá Lambdadeild í vor, en hana heimsóttum við til Reykjavíkur í mars sl. Þá var einnig minnt á nýtt fyrirkomulag við innheimtu árgjalda samtakanna og samþykkt var í deildinni að greiða þeim félögum lítils háttar styrk, sem fóru á alþjóðlegu ráðstefnuna sl. sumar á vegum DKG, sem haldin var í Reykjavík með frábærum hætti.

Á fyrsta fundinum sagði Sigrún Jóhannesdóttir frá því hvernig alþjóðlega ráðstefna samtakanna hefði farið fram sl. sumar og hver hennar upplifun hefði verið og framlag. Sigrún gaf kost á sér í fjölmiðla – og kynninganefnd og sagði að undirbúningsvinnan hefði tekið um ár en að svona vinna gæfi mikið og þátttakan ekki minnst. Allt hefði þetta verið frábært. Deltadeildin hefði lagt fram vinnu við ráðstefnuna, t.d. hefðu ljósmyndarar komið úr þeirri átt, Þórunn Reykdal félagi í Delta og Guðlaugur Óskarsson í Reykholti. Ráðstefnan hefði verið óvenjuvel mynduð, sem gæfi sérstaklega góða mynd af henni allri og hve góð stemning hefði ríkt þar. Allt efni alþjóðaráðstefnunnar 2019 er aðgengilegt á vefsíðu samtakanna www.dkq.is Sigrún minnti okkur á muninn, sem er á ráðstefnu og þingi (convention/conference). Á þingum er aðalfundur þar sem kosið er til embætta og lagabreytingar gerðar en ráðstefna er faglegur fundur. Að fundi loknum snæddum við kvöldmat á Fosshótel Reykholti og tókum snúning á happdrættinu.



Deltadeild á góðri stund á Hótel Varmalandi

Á seinni fundi haustsins að Varmalandi var tekið hús á Ingibjörgu Öddu deildarstjóra þar, sem er félagi í Deltadeild. Hún sýndi okkur skólann og sagði frá nýbreytni við kennslu á unglíngastigi, en það eru svokallaðar smíðjuhelgar.



Safnað er saman tímum, sem unglíngadeildin verður af vegna heimferðar allra nemenda skólans hvunn dags og nemendum bættur upp tíminn með alls kyns námssmiðjum, mest verklegum – yfir helgi tvisvar á skólaári hverju. Þetta hefur gefist mjög vel og okkur þótti öllum gaman að heyra af þessu.

Þá fóru fram stólaskipti í stjórninni þegar Jónína Erna Arnardóttir tók að sér að vera varaformaður í stað Þórunnar Reykdal, sem tók sæti meðstjórnanda. Félagar völdu sér hóp til að starfa í næsta vor á vöráðstefnunni í Borgarnesi, valdar voru jólabækur til að lesa og fjalla um eftir áramótin og sagðar voru sögur af mömmu hverrar og einnar ásamt jólonum heima. Eftir notalegan fund á kennarastofunni á Varmalandi var haldið út í nýtt Hótel Varmaland, sem starfar í gamla húsmæðraskólanum þar sem við nærðumst til líkama og sálar, m.a. spiluðum við í happdrættinu góða.

Framundan er viðburðarík vorönn. Við slepptum fundi í janúar og það hefur reynst góð ákvörðun. Veðrið hefur gert öll ferðalög með eindæmum leiðinleg, á stóru svæði Deltadeildar er gott að þurfa ekki um of að eiga undir slíku með fundina. Þegar janúar sleppir eigum við þrjá deildarfundir eftir, einn fund með Lambdakonum og að sjá um umgjörð vöráðstefnu samtakanna í Borgarnesi 9. maí.

Við höfum einsett okkur að uppstillingarnefnd verði tilbúin með tilnefningar í næstu stjórn í tæka tíð svo ekki komi til stjórnarkreppu. Svo höfum við einbeitt okkur að því að koma vefnum okkar í betra horf og ætlum að bæta skipulag, innihald og útlit. Við eigum mikið efni, sem varð til þegar við minntumst 30 ára afmælis deildarinnar og ætlum að koma því á vefinn.

Við ætlum að reyna að vera ekki síðri en aðrar deildir. Við erum næstum komnar með myndir af öllum í félagatalið og mikið starf hefur nú þegar verið unnið í þessu. Tveir vefarar, Ásta Egilsdóttir og Guðlaug Sverrisdóttir, taka málin föstum tókum og það er ljóst að stjórnin þarf líka

að vera vakandi við að koma efni á framfæri, sem á erindi inná vefinn. Þetta hefst allt saman með samstilltu átaki og að allir gefi gaum að þessu og hafi skoðun. Mig langar að geta þess að nú á Deltadeild tvo fulltrúa í ábyrgðarmiklum störfum á landsvísu, Theodóru Þorsteinsdóttur meðstjórnanda og Jensínu Valdimarsdóttur gjaldkera. Auk þess situr Sigrún Jóhannesdóttir í laganefnd, Valgerður Janusdóttir í námsstyrkjanefnd og undirrituð í uppstillingarnefnd. Þetta skilar sér í góðum og jákvæðum anda í deildarstarfinu þar sem allir eru viljugir til að leggja gott til og miðla góðum straumum inní starfið.

Við hlökkum til vorsins og allra góðra funda í smáu jafnt sem stóru samhengi vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

Jónína Eiríksdóttir, formaður Deltadeildar





Eta

Fyrsti fundur ETA-deildar var haldinn í október heima hjá formanni ETA-deildar í Bleikjukvísl. Stjórn ETA sá um þennan fyrsta fund.

Alls mættu 18 konur á fundinn. Í upphafi fundar voru venjuleg fundarstörf þar sem , formaður kveikti á kertum vináttunnar, trúmennsku og hjálpssemi og tilkynnti fundarkonum um fyrirkomulag funda að hausti og vori en 3 fundir verða að hausti og 3 fundir að vori. Stjórn ETA sér um fyrsta og síðasta fundinn en aðrar fundarkonur skipta með sér 4 fundum.

Á fyrsta fundinum sögðu Auður Torfadóttir og Kristín Helga Guðmundsdóttir frá helstu niðurstöðum Alþjóðafundar DKG sem haldinn var á Íslandi í sumar. Var margt mjög fróðlegt sem þar kom fram, góðir fyrirlesarar og allt skipulag til fyrirmyndar. Orð til umhugsunar flutti Auður Elín Ögmundsdóttir og sagði frá starfi sínu sem grunnskólakennari sem vakti mikla athygli. Hún fer greinilega ekki troðnar slóðir og var áhugavert að hlusta á hvernig hún brýtur upp kennslu, nemendum til mikillar gleði. Við fundarmenn hrifumst mjög af erindi Auðar Elínar og í framhaldinu sögðu fundarkonur frá sjálfri sér og störfum sínum sem var áhugavert að hlusta á. Fundi lauk með léttum veitingum.

Annar fundur ETA-deildar var haldinn í Litlu Brekku 12. nóvember. Hópur 1 sá um þann fund. Á undirbúningsfundi nefndarinnar sem 6 ETA-systur sáu um var einhugur um að beina sjónum að einhverju málefni sem er ofarlega á baugi núna og urðu loftslagsmálin fyrir valinu. Ákveðið var að leita til einhverra þeirra ungmenna sem hafa verið virk í umræðum og athöfnum um þau mál. Til okkar kom Nóam Óli Stefánsson, 14 ára nemandi í Hlíðaskóla. Hann kvaðst ekki mikið hafa velt fyrir sér loftlagsmálum áður en Greta Thunberg kom fram á sjónarsviðið. Hann sagðist mikið hafa lært en almennt væri mikil fáfræði sem

mikilvægt væri að vinna gegn. Hann gagnrýndi stjórnvöld fyrir andvaraleysi og aðgerðaleysi og hafði á orði að ýmsum fullorðnum fyndist unga fólkið ekki hafa mikið vit á málunum.

Fundarkonur voru fullar aðdáunar á þessum unga manni sem flutti mál sitt óhikað og af mikilli sannfæringu, studdist ekki einu sinni við minnispunkta og svaraði öllum spurningum hikstalaust. Fundi lauk með góðri máltíð.

Síðasti fundur haustsins var haldinn mánudaginn 9. desember í Hannesarholti.

Fundur hófst með venjulegum fundarstörfum og síðan var fyrirlesari kvöldsins kynntur, Margrét Hallgrímsdóttir. Hún er menntuð í fornleifafræði frá Stokkhólmsháskóla og sagnfræði og opinberri stjórnsýslu frá HÍ. Fyrirlestur Margrétar nefndist: *Samfélagslegt hlutverk safna. Ný viðmið í sagnastarfi 21. aldarinnar*. Fyrirlestur Margrétar var fjölpættur og skemmtilegur. Hún rakti m.a. sögu Þjóðminjasafns Íslands sem var stofnað 1876, hét upphaflega Forngripasafnið en síðar Þjóðminjasafn Íslands. Við stofnun lýðveldisins 1944 var ákveðið að byggja yfir safnið við Suðurgötu við hlið Háskóla Íslands og var það húsnæði tekið í notkun 1950. Safnið varð Háskólastofnun árið 2013. Meginhlutverk Þjóðminjasafnsins er að stuðla sem best að varðveislu íslenskrar menningarminja og miðla sögu þjóðarinnar m.a. með því að móta stefnu um söfnun, skráningu, rannsóknir og miðlun menningar og þjóðminja. Ennfremur fjallaði Margrét um fjölbreytt sýningarhald og safnfræðslu.

Að lokinni góðri máltíð fjallaði Sigríður Heiða fundarstjóri um PISA könnunina. Frammistaða nemenda á Íslandi er mun lakari en á öðrum Norðurlöndum. Ástæður þessa taldi hún vera nokkrar en lagði áherslu á að það ætti að vera samfélagslegt verkefni að bæta úr þessu. Við þurfum að láta í okkur heyra og ekki tala niðurstöður niður. Að síðustu var fjöldasöngur við undirleik Eyrúnar Ísfoldar Gísladóttur.

Björg Kristjánsdóttir, formaður Etadeildar



Epsilon

Fyrsti fundur Epsilondeildar var haldinn 12.9.2019 í Fjölheimum Selfossi sem er vinnustaður Eydísar Kötlu gjaldkera deildarinnar. Hún sagði okkur frá því ótrúlega fjölþætta starfi sem fer fram í húsinu, gamla Sandvíkurskóla. Síðan sögðum við sem vorum á Alþjóðaráðstefnunni í sumar frá upplifun okkar af henni. Við vorum dálítið drjúgar með okkur því það voru svo margar úr Epsilondeild sem mættu þar. Spilað var af fingrum fram með frásögnina og gekk það vel, mörg sjónarhorn birtust. En allar vorum við mjög ánægðar með ráðstefnuna. Þær sem ekki komust spurðu margs og reyndum við að svara sem best við gátum. Að fundi loknum fórum við í Tryggvaskála þar sem við snæddum dýrindis mat.

Þann 12. október lögðum við land undir fót og fórum í Veröld Vigdísar þar sem við fengum afar góðar móttökur og leiðsögn. Að heimsókninni lokinni lá leiðin á Eyja Guldsmeden Hótel í Brautarholti þar sem við héldum formlegan fund. Aðalefni fundarins var frásögn Veru Valgarðsdóttur um dvöl hennar á Skagaströnd þar sem hún var skólustjóri í nokkur ár. Það var bæði fróðlegt og skemmtilegt að heyra það sem Vera hafði fram að færa.

Í lok fundarins kom Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir landsambandsforseti og færði Elínu Hannibalsdóttur gjöf, þakklætisvott fyrir allar rósirnar sem hún hefur gefið DKG á Íslandi í gegnum tíðina. Elín færði DKG t.d. hundrað rósir fyrir Alþjóðaráðstefnuna í sumar sem leið.



Epsilondeild átti 30 ára afmæli á árinu og var haldið upp á það með pomp og prakt þann 23.11. 2019 á Hótel Eldhestum í Ölfusinu. Það þótti við hæfi að vera í Ölfusinu vegna þess að stofnfundur deildarinnar var í Ölfusborgum forðum daga. Svo býr hamingjan auðvitað þar. Afmælisnefnd sá um dagskrá og fékk Guðna Gunnarsson frá Rope Yoga setrinu til að vera með fyrirlestur um mátt hugans og fleira áhugavert. Síðan rakti Elinborg Sigurðardóttir sögu deildarinnar og gerði hún það alveg frábærlega. Við stefnum að því að fá leyfi Elinborgar til að setja erindið inn á heimasíðu Epsilon. Allir stofnfélagar sem voru mættir á fundinn, átta konur, fengu rósir.

Tveir gestir komu, Ingibjörg Jónasdóttir Evrópuforseti DKG og Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir landsambandsforseti DKG. Ester Hjartardóttir sagði frá inntökufundinum og vakti sú frásögn mikla kátínu. Hún þurfti að fara af þeim fundi til að gefa dóttur sinni brjóst og til að þakka fyrir það 30 árum síðar kom dóttirin Aðalbjörg Halldórsdóttir og söng alveg undurfallega fyrir okkur í lok fundarins. Ekki vorum við sviknar af veitingunum hjá Hótel Eldhestum frekar en annars staðar.

Þar sem Suðurlandið er víðfeðmt reynum við að hafa fundina sem víðast þannig að við skiptumst á að keyra langar vegalengdir.

Orð til umhugsunar og happdrætti eru fastir liðir á öllum fundum. Við borðum alltaf saman að loknum fundum á einhverjum góðum veitingastað sem eru margir hér á svæðinu.

Næsti fundur er bókafundur þann 18.1.2020 ef veðurguðir leyfa.

Ingibjörg Þ. Þorleifsdóttir, formaður Epsilondeildar



Gamma

Starfsár Gammadeildar 2019 – 2010 hófst þann 2. september á Árbæjarsafni þar sem Gamma-konur söfnuðust saman og fengu leiðsögn Önnu Þorbjargar Þorgrímsdóttur, þjóðfræðings, um sýninguna „Saga hjúkrunar á Íslandi í 100 ár“. Þar var rakin sú þróun sem orðið hefur frá því að umönnun hvíldi að mestu á heimilum og góðgerðarsamtökum og allt til okkar tíma þegar hjúkrunarfræðingar sinna fjölbreyttum störfum sem breyst hafa í takt við framfarir í tækni og vísindum. Þrátt fyrir allar þær framfarir sem orðið hafa í samfélaginu eru það enn fyrst og fremst konur sem sinna hjúkrunarstörfum og veltu konur fyrir sér hvernig auka mætti hlut karla á þessum starfsvettvangi. Þrátt fyrir jafnrétti á ýmsum sviðum veltu konur fyrir sér hvort hugmyndir samfélagsins varðandi hjúkrun og stöðu kynjanna ættu þar hlut að máli.



Eftir fróðlega leiðsögn og samræður héldu konur í Dillonshús þar sem saga hússins var rakin og dýrðleg kjötsúpa snædd. Fundur var settur og sagt frá Alþjóðaráðstefnunni sem haldin var í júlí og margar konur úr Gammadeild sóttu auk þess sem Gammadeild átti fulltrúa sem komu að skipulagi ráðstefnunnar og vorum við stoltar af okkar konum. Gerður var góður rómur að ráðstefnunni sem konum fannst í alla staði hafa verið vel heppnuð.

Áður en fundi var slitið var dagskrá vetrarins kynnt en stjórnarkonur ákváðu, eftir að hafa leitað eftir hugmyndum Gammakvenna, að halda áfram í anda þema síðasta starfsárs sem hafði yfirskriftina „Færni 21. aldar“. Í vetur er yfirskriftin „Áskoranir 21. aldar“.

Annar fundur vetrarins var haldinn þann 1. október en þá hittust Gammakonur í húsnæði menntavísindasviðs HÍ þar sem Dr. Kristín Jónsdóttir sem jafnframt er félagi í Gammadeild, flutti erindi um „Mikilvæg tengsl heimilis og skóla í nútímasamfélagi“ en erindið byggði Kristín á doktorsrannsókn sinni. Erindið var fróðlegt og varpaði nýju ljósi á ýmis sjónarmið í samstarfi heimilis og skóla. Lesa má nánar um meginefni erindisins í bókinni „Starfshættir í grunnskólum“. Á fundinum minntust Gamma-konur látinnar Gammasystur, Bryndísar Steinþórsdóttur, með hlýhug og virðingu en Bryndís lést síðsumars. Farið var yfir framkvæmdaáætlun DKG 2019 – 2021 og samskipta- og útgáfunefnd kynnt en sú nefnd kom í hlut Gammakvenna. Eftir glæsilegt kaffihlaðborð var fundi slitið og konur héldu heim á leið.

Þriðji fundur vetrarins var haldinn þann 6. nóvember að Einholti 12. Eftir hefðbundna fundarliði og umræður um félagsstarfið var komið að aðalerindi kvöldsins. Enn var leitað til félagskvenna og á fundinum flutti Dr. Sigrún Aðalbjarnardóttir fróðlegt erindi sem bar heitið „Hvernig getum við búið æskuna sem best undir að takast á við samtíð sína og framtíð“. Sigrúnu er hugleikin mikilvægi samskiptahæfni sem m.a. felst í að geta sett sig í spor annarra og greint og samræmt mismunandi sjónarmið, en í menntastefnum víða um heim er einmitt lögð mikil áhersla á að efla samskiptahæfni ungmenna. Einnig fjallaði Sigrún um mikilvægi tengslamyndunar og mikilvægi þess að börn búi við gott atlæti og góð samskipti í bernsku. Spunnust afar fjörugar samræður um efni Sigrúnar, svo líflegar voru samræðurnar að heldur dróst á langinn að slíta fundi sem tókst þó að lokum.



Fjórði fundur vetrarins sem jafnframt var jólafundur deildarinnar var haldinn þann 4. desember að heimili Gerðar G. Óskarsdóttur. Gammakonur komast alltaf í jólaskap þegar þær hittast heima hjá Gerði en húsið hennar er sannkallað jólahús á aðventu. Að venju var boðið upp á léttan drykk við komu.



Helgu G. Halldórsdóttur var færð rós í tilefni af stórafmæli sem hún fagnaði þann 7. nóvember sl. Eftir hefðbundin fundarstörf tókum við á móti gesti okkar en venjan er að fá rithöfund til að lesa upp úr nýútkominni bók á þessum fundi. Gestur okkar að þessu sinni var Sæunn Kjartansdóttir, sálgreininir, og las hún upp úr bók sinni *Óstýriláta mamma mín...og ég*. Eins og nafnið bendir til fjallar bókin um samband hennar við móður sína. Það var spennandi að heyra hvað Sæunn hafði að segja og upplesturinn varð kveikja að fróðlegum og skemmtilegum samræðum og vangaveltum. Í kaffihléi svignaði borðið undan gómsætum kræsingum í boði Gammakvenna sem kvöddust glaðar á þessum síðasta fundi ársins.

Framundan er spennandi dagskrá og það sem eftir líður þessa starfsárs munum við snúa okkur að loftlagsmálunum. Í febrúar hittumst við í Setbergsskóla og bjóðum með okkur konum úr öðrum deildum. Auður Anna Magnúsdóttir,

framkvæmdastjóri Landverndar, verður gestur fundarins. Í mars mun Hafdís Hanna Ægisdóttir, forstöðumaður Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna fræða Gammakonur um starfsemi skólans, í apríl höfum við hugsað okkur að heyra hvað brennur á ungu kynslóðinni varðandi loftlagsmál.

Við höldum vorfund okkar í júní þar sem verða stjórnarskipti. Við stefnum svo á að fjölmenna í Borgarnes á Vorþing DKG og vonumst til að sjá sem flestar ykkar þar.

María Pálmadóttir, formaður Gammadeildar.



Frænkurnar Rannveig Sigurðardóttir og Sæunn Kjartansdóttir á jólafundinum



Iota

Á haustönn hafa verið haldnir þrjár fundir.



Fyrsti fundurinn var haldinn í grunnskólanum á Suðureyri við Súgandafjörð. Þetta var ákaflega skemmtilegur og fróðlegur fundur. Guðni Einarsson Súgfirðingur var gestur fundarins. Hann fræddi okkur um sögu og uppbyggingu Suðureyrar sem nær til aldamótanna 1800-1900. Suðureyri er hluti af Ísafjarðarbæ, þetta er dæmigert sávarpláss, þar sem atvinnan byggist á útgerð og vinnslu sjávarfangs. Suðureyri stendur á elsta hluta Íslands en bergið á svæðinu er um 15 milljón ára gamalt.

Næsti fundur var haldinn í nýstofnuðu Bókakaffi í Bolungarvík, mikil spennan var hjá okkur IOTA konum fyrir því að kynnast hugmyndinni um framkvæmd og skipulag þessa nýja kaffihúss. Ekki var búið að koma fyrir neinum bókum á kaffihúsinu sem voru mikil vonbrigði. En vonandi eigum við eftir að kynnast því síðar.



Halldóra Dagný Sveinbjörnsdóttir skólastjóri í Bolungarvík kynnti okkur mastersritgerð sína, Horft í baksýnispegilinn – ungt fólk á norðanverum Vestfjörðum lýsir hvernig vanlíðan í grunnskóla mótaði viðhorf þeirra til áframhaldandi náms.

Í máli Halldóru kom fram að neikvætt viðhorf til náms og vanlíðan í grunnskóla skilaði sér ekki endilega inn í framhaldsskólann. Hluti af þeim nemendum sem hún talaði við áttu góð ár í framhaldsskóla og skiluðu góðum árangri.

Jólafundinn héldum við á Hótel Ísafirði. Gestur fundarins var Una Þóra Magnúsdóttir fulltrúi sýslumannsins á Ísafirði. Sagði hún okkur frá skemmtilegri gönguferð sem hún fór í til Nepal ásamt sjö öðrum konum héðan að vestan. Sagði Una að það hafi verið margt að sjá, en erfiðar göngur suma dagana og þær hafi þurft að taka verulega á. En að sama skapi mjög skemmtileg og fræðandi ferð. Frásögn Unu Þóru var einstaklega lifandi og fróðleg.

Fyrsti fundur ársins 2020 er bókafundur sem engin deildarkona vill missa af. Alltaf ákaflega ánægjulegt að kynnast margbreytilegu lesefni kvennanna.

Steinunn Guðmundsdóttir, formaður Iotadeildar





Kappa

Stjórn Kappadeildar býr til starfsáætlun fyrir árið á haustin og leggur fyrir fyrsta deildarfund til umræðu og afgreiðslu. Konum í deildinni er skipað í umsjónarhópa með einstaka fundum og í raun falin dagskráin. Þess er gætt að allar konur taki þátt. Stjórnin hefur umsjón með fyrsta og síðasta fundi starfsársins. Þetta skipulag hefur reynst mjög vel og fundirnir verið fjölbreyttir, fræðandi og skemmtilegir. Fasti dagskrárliðurinn á öllum fundum deildarinnar, Orð til umhugsunar, er mjög góður og gefandi því að reynslan og spekin sem frá konunum kemur undir þessum lið er alltaf uppbyggjandi og fróðleg.

Fyrsti fundur vetrarins var haldinn 1. október í Kvinnaskólanum í Reykjavík. Hulda Anna Arnljótsdóttir flutti samantekt frá Framkvæmdaráðsfundi DKG á Íslandi þann 14. september. Guðrún Edda Bentsdóttir og Sigríður Johnsen sögðu í stuttu máli frá Alþjóðaráðstefnunni í júlí, en hún hlaut töluverða umfjöllun fjölmiðla sem var mjög ánægjulegt. Um 230 konur sóttu ráðstefnuna.

Þessu næst var fundarkonum boðið í efnafræðistofu Kvinnaskólans þar sem Elva Björt Pálsdóttir kennari sagði frá áherslubreytingum í efnafræðikennslunni sem hún og stalla hennar hafa unnið að í 15 ár. Markmiðið breytinganna var að nýta tímann í kennslustundum betur, fá nemendur til að bera meiri ábyrgð á eigin námi, fara frá töflunni og hefðbundnu fyrirlestraformi yfir í samtal og verkefnavinnu. Áhersla er á samvinnu nemenda í hópum og að hver hópur vinni á sínum hraða. Elva Björt sagði ávinning breytinganna vera meiri virkni nemenda, aukið sjálfstraust þeirra og jákvæðni. Fyrir kennarann væri mun skemmtilegra að kenna með þessum hætti þó því fylgdu líka áskoranir.

Fundarkonur gæddu sér síðan á dýrindis smurbrauði frá Jómfrúnni og að því loknu kynnti, formaður tillögu stjórnar að starfsáætlun 2019 – 2020. Áætlunin var samþykkt og þema vetrarins

Miðlalæsi og lýðræði.



Úr efnafræðistofunni í Kvinnó

Áslaug Ármannsdóttir flutti Orð til umhugsunar og ræddi þar um þriðja æviskeiðið. Hún sagði umræðuna við þau tímamót litast af því að allt eigi að vera svo frábært og skemmtilegt. Áslaug sagði hvert haust á hennar starfsævi hafa verið nýtt upphaf í skólanum. Síðan hún hætti að vinna fyrir fjórum árum hafi hún farið 23 sinnum til útlanda og dvalið samtals í 63 vikur. Í haust tók hún ákvörðun um að fara ekki utan en takast á við breytinguna og skoða hvað væri í boði.

Hún vildi ekki fara strax í starf eldri borgara en skoðaði ýmis námskeið og datt að lokum inn á Univesity of the Third Age (<http://www.u3a.is/>). Áslaug sagði verst að allt er í gangi á kvöldin eða seinni part dags en lítið að morgni, ekki vanti þó ráðleggingar úr öllum áttum til þeirra sem hættir eru að vinna. Best sé að koma sér upp áhugamáli, vera jákvæður og með bros á vör.

Annar fundur í Kappadeild var haldinn 6. nóvember 2019 kl. 18 í Fjölbautaskólanum í Garðabæ. Gestur fundarins var Bryndís Jóna Jónsdóttir með erindið „Núvitund í dagsins önn“. Bryndís er aðjúnt á Menntavísindasviði Háskóla Íslands í deild menntunar og



margbreytileika. Þar starfar hún sem kennari og vinnur m.a. að evrópsku samstarfsverkefni um seiglu. Bryndís hefur mikinn áhuga á að innleiða núvitund heildrænt í skólustarf og hefur nýlega gefið út bók sem um tíma sat efst á bóksölulista Eymundssonar. Bryndís sagði að núvitund væri bæði fræði og hagnýt nálgun s.s. í uppeldi. Hún sagði frá upphafinu þar sem Jon Kabat Zinn fór að vinna með fólki sem glímdi við verki og var illa statt. Hann þróaði núvitund gegn streitu með því að vinna með athyglina og leitast við að vera meðvitaður um innra og ytra líf. Við þurfum að vita hvað við erum að gera þegar að við erum að gera það. „Núvitund felst í því að beina athygli okkar meðvitað að upplifun okkar og reynslu á líðandi stundu, með opnum huga, forvitni og án þess að dæma. Að veita lífinu og líðan á hverri stundu vakandi athygli.“ Í lokin sagði Bryndís frá mikilli fjölgun ritryndra greina um fræðin og örri þróun á því sviði. Þá sagði hún frá verkefni með 5 grunnskólum sem eru í 2ja ára innleiðingarferli þar sem verið er að gagnreyna heildræna nálgun sem teiknuð er upp sem tré. Áhersla er lögð á starfsfólkið sem síðan miðlar áfram til nemenda.

Fundarkonur snæddu saman nepalskan mat sem góður rómur var gerður að og kom það síðan í hlut Dagnýjar Broddadóttur náms- og starfsráðgjafa í FG að flytja nokkur orð til umhugsunar. Hún lagði út af eigin verkefnum í dagsins önn, bæði persónulegum sem og faglegum. Hún sagði frá starfi sínu og hvernig hún hefði innleitt núvitund í þeim skólum sem hún hefur starfað í m.a. til að bæta líðan nemenda og vinna gegn kvíða. Boðið hefur verið upp á núvitundarnámskeið þar sem áhersla er lögð á kennarana, námsferð skipulögð erlendis með kennurum og hugleiðslustundir haldnar í hádeginu. Þá sagði hún frá átaki sem er í mótun í FG til að vinna gegn einmanaleika nemenda með t.d. félagslegum smiðjum þar sem spilað verður á spil og leikið og lifað í þægilegu andrúmslofti.

Hver mánuður mun fá sína yfirskrift s.s. „notalegt í nóvember, dásamlegt í desember“ og stungu Kappakonur upp á ýmsum öðrum skáldlegum heitum. Dagný benti á að það væri ekki bara nýnemar sem upplifðu sig einmana. Nemendafélag FG mun taka þátt í þessu átaki og stefnt er að því að auka fjölbreytni samverustundanna s.s. með dansi og fá veitingar t.d. frá nærsamfélagi. Kappakonur vildu endilega heyra meira af framvindu þessa verkefnis síðar í vetur.

Undir liðnum önnur mál sagði Valgerður frá því að hún væri í hópi með konum sem ætluðu „að eldast með ósóma“ en þær hafi ákveðið að „eldast frekar með djörfung og dug“. Mörgum Kappakönnum þótti upprunalega heitið vera meira spennandi. Erla benti á að skv. hamingjurannsókn þá væru konur eldri en 60 ára hamingjusamastar - ef þær ættu peninga. Þá sagði Sigríður Johnsen frá að næsti fundur yrði haldinn 10. desember heima hjá henni í Mosfellsbæ. Erla sagði líka frá því að dóttir hennar væri að þýða bók um sjálfbærni og hófsemi í lífsstíl sem nefnist á ensku „Zero-waist“.

Jólafundurinn sem vera átti 10. desember féll niður vegna veðurs.

Starfið í deildinni er gott og gefandi. Reynt er að hafa fundina á mismunandi vikudögum til að fækka árekstrum við fjölmörg önnur viðfangsefni og áhugamál Kappa-systra.

Ingibjörg S. Guðmundsdóttir, formaður



Lambda

Á haustönn 2019 voru þrjár fundir í Lambdadeild. Fyrsti fundur haustsins var haldinn 25. september í húsnæði Námsflokka Reykjavíkur. Dagskráin var í anda þema vetrarins: Skóli margbreytileikans - skóli fyrir alla. Birna Sigurjónsdóttir setti fund og kveikti á kertum. María Sigurjónsdóttir, þroskaþjálfari, MS í atferlisgreiningu og fagstjóri í Arnarskóla kom á fundinn og fræddi okkur um þennan nýja skóla í Kópavogi sem nú þjónar 18 nemendum á heilsársgrundvelli. Námið er alfarið einstaklingsmiðað og byggir á atferlisíhlutun.



Birna Sigurjónsdóttir, Ingibjörg Ásgeirsdóttir, dr. Hjördís Þorgeirsdóttir og Kristín Jóhannsdóttir

Annar fundur vetrarins í Lambdadeild var fimmtudagskvöldið 7. nóvember í Hofstaðaskóla. Fundurinn var sameiginlegur með Alfadeild. Kristín Jóhannsdóttir, formaður Alfadeildar setti fund og kveikti á kertum. Ingibjörg Ásgeirsdóttir úr Lambdadeild flutti Orð til umhugsunar og sagði okkur frá skólaheimsókn kennarahóps úr Grandaskóla til skóla í Riga í Lettlandi. Skólinn er veganskóli, úti- og skógarkennsla er stór hluti af námi nemenda. Birna formaður Lambdadeildar kynnti síðan Dr. Hjördísi Þorgeirsdóttir sem flutti fræðsluerindi kvöldsins. Hún fjallaði um

starfendarannsóknir og sagði okkur frá því hvernig þær hafa stuðlað að starfsþróun kennara og skólaþróun í Menntaskólanum við Sund. Fundi lauk um kl. 19:00 eftir ánægjulegan og fróðlegan fund.

Jólafundur Lambdadeildar var haldinn 9. desember á heimili Birnu Sigurjónsdóttur formanns. Mættar voru níu konur glaðar í bragði. Birna setti fund og kveikti á kertum. Yfir veitingum flutti hún orð til umhugsunar og ræddi hefðir tengdar jólum og breytingar á þeim. Sæunn Kjartansdóttir, sálgreinir og rithöfundur kom á fundinn og las úr bók sinni.

Birna Sigurjónsdóttir, formaður Lambdadeildar

Rósin

**Undir háu hamrabelti
höfði drúpir lítill rós.
þráir lífsins vængjavíddir
vorsins yl og sólarljós.**

...

Höfundur: Guðmundur Halldórsson



Mý

Á fyrsta stjórnarfundum Mýdeildar var þema vetrarins ákveðið og beinum við sjónum að Beta samfélagi - Hvernig getum við stuðlað að betra samfélagi og bættri menntun. Þær breytingar urðu í stjórn deildarinnar á haustdögum að María Aðalsteinsdóttir gjaldkeri deildarinnar hætti og tók Ólöf Inga Andrésdóttir við sem gjaldkeri.

Á haustdögum hafa verið haldnir 4 fróðlegir og skemmtilegir fundir auk þess sem Beta og Mýdeild stóðu fyrir samræðuþingi á Alþjóðadegi kennara 5. október á Strikinu á Akureyri sem bar yfirskriftina Hvenær mætast draumar kennarans og nemandans.

Hefðbundið starf hófst með haustfundum sem haldinn var í Lundarskóla 10. september 2019. Formaður deildarinnar Katrín Fjóla Guðmundsdóttir sagði í stuttu máli frá upplifun sinni á alþjóða ráðstefnu DKG í Reykjavík í sumar sem hún sagði að hefði bæði verið fræðandi og gefandi og hvatti hún konur til að íhuga að fara til Finnlands á næstu alþjóðlegu ráðstefnu DKG sem verður árið 2021. Sigurður Ingi Friðleifsson, framkvæmdastjóri hjá Orkusetri flutti síðan afar fróðlegt erindi sem bar yfirskriftina *Orka og loftslagsbreytingar*. Sigurður Ingi sagði frá starfi sínu hjá Orkusetri og hvernig starfið hafi leitt áhugann til málefna um orkunotkun og umhverfismál. Hann sagði að loftslagsmál og orkumál væru stóru málin í dag en hann hefur m.a. unnið að aðgerðaráætlun í loftslagsmálum fyrir ríkisstjórnina. Hann ræddi m.a. um að bensínlítrinn sem við komum á hingað verður ekki endurunninn. Kolefnið er ekki endurnýjanlegt. Sigurður Ingi benti á nokkrar lausnir t.d. að hraða rafmagns-bílavæðingu, fækka bílakílómetrum og benti hann á að það væri ævintýralega hagkvæmt að vera ekki á bíl, nota t.d. frekar rafhjól eða strætó. Sigurður Ingi sagði að ekkert sem tengist bílum væri framleitt á Íslandi, þess vegna væri allt við bíla, blæðing á íslenska samfélagið. Framleiðsla rafbíla krefst

meiri orkunotkunar en það eyðist út á líftíma bílsins, á Íslandi kolefnisjafnast rafmagnsbíll á einu ári. Hann benti á að við getum ekki beðið til ársins 2030 og bara slakað á. Bílafloki Íslands í dag er samansettur af of mörgum bensínbílum, enn er verið að framleiða þá og kaupa nýja bíla og þannig safnast þeir meir og meir upp, þá verða enn nýir bílar að koma á götuna 2030 sem eiga eftir að vera þar næstu 15 ár. Góðar og gagnlegar umræður spunnust um erindið.



Ingibjörg Magnúsdóttir fór með orð til umhugsunar. Hún sagði frá skólagöngu ættleiddra barna. Hún skrifaði meistararitgerð um málefnið. Rannsóknir sýna að ættleidd börn eru sérstaklega viðkvæm vegna viðskilnaðar við blóðforeldra og eiga oft í erfiðleikum þegar kemur að breytingum t.d. þegar þau færast milli skólastiga.

Annar fundur deildarinnar var haldinn í húsnæði Tónlistarskóla Eyjafjarðar að Hrafnagili, miðvikudaginn 9. október. Þar flutti Ásdís Arnardóttir fyrirlestur um Suzuki aðferðina í tónlistarkennslu. Ásdís sagði að Suzuki aðferðin væri einnig kölluð Móðurmálsaðferðin. Hún sagði frá Shinichi Suzuki sem fæddist árið 1898 og lést rétt fyrir 100 ára afmælisdaginn sinn árið 1998. Hann fór að hugsa hvernig kenna mætti börnum án nótna og fær einhvers konar hugljómun að yfirfæra móðurmálskennslu yfir í tónlist. Því ekki að kenna börnunum að spila eins og að kenna þeim að tala, kenna þeim að spila eftir eyranu. Hann þróaði kerfið sitt í Japan. Þetta var í lok Seinni heimsstyrjaldarinnar og



hann fékk þá hugmynd að gefa þjóðfélaginu eitthvað fallegt og fór að kenna börnum eftir þessari aðferð og var með stóra hópa í samspili. Þetta spurðist út og kerfið dreifðist til Bandaríkjanna og síðan Evrópu. Byrjað var að kenna á fiðlu, síðan selló, víólu, kontrabassa, píanó, þverflautu, gítar og hörpu. Suzuki var tilnefndur til friðarverðlauna Nóbels árið 1993. Ásdís sagði frá Suzuki-kennara náminu.

Ásdís kynnti Lidiu Kolosowsky píanista til liðs við sig og saman léku þær eftir óskum fundarkvenna. Spurningar bárust jafnóðum úr sal á milli laga og voru konur mjög áhugasamar. Spurt var um hlutverk foreldra og svöruðu bæði Lidia og Ásdís að hlutverk þeirra væri mjög stórt, foreldrar mæta í alla spilatímuna og skrá niður hvað á að æfa heima og hjálpa börnunum. Það er misjafnt á hvaða aldri börnin hefja tónlistarnám, fimm ára á selló, frá þriggja ára á fiðlu og stundum þriggja ára á píanó, en er einstaklingsbundið. Ásdís og Lidia léku loklag og var þeim þakkað fyrir með lófataki og rósum. Sigrún Helga fór með Orð til umhugsunar, sem hún sagði að fjölluðu um Vellíðan. Hún nefndi mikilvæga þætti eins og félagsleg tengsl, þátttöku í nærandi verkefnum, við ættum að einblína á styrkleikana okkar, eitthvað sem við höfum gaman af og eitthvað sem gefur okkur orku og kraft. Þurfum að æfa okkur í því nýta hæfileikana okkur, virkja styrkleikana okkar.

Þriðji fundur Mý-deildar, haldinn 7. nóv 2019 að Glerárgötu 26. Ingileif Ástvaldsdóttir flutti erindi um Skólastjóraskipti Ísland - Kanada, Exchanging minds, á vegum kanadíska kennarafélagsins og Skólastjórafélags Íslands. Ingileif sagði frá því að hún hefði fengið starfsþróunarstyrk frá DKG fyrir þessari námsferð. Hægt er að sækja um þennan styrk þrisvar sinnum á ári. Ingileif mælti með að vanda umsóknina, þá væri meiri líkur að fá styrkinn. Ingileif tók fram að einnig væri hægt að sækja um sem kennari til kennaraskipta.



Ingileif var þöruð með írskri konu, Aoife Cahill sem er skólastýra í grunnskóla 30 km fyrir utan Edmonton. Þetta er 5. árið hennar sem skólastýra. Skólinn er kaþólskur sveitaskóli, Elk Island Catholic School, við hann stunda 176 nemendur nám, frá 4 ára og uppí 7. bekk. Þarna eru þeir kennarar sem eru fastráðnir, æviráðnir. Ingileif sagði okkur frá dagskránni, sem var þétt skipulögð frá morgni til kvölds. M.a. var ganga í Elk Island National Park, kvöldverður með fjölskyldu Aoife, skólaheimsóknir, halloween party og margt fleira. Einkunnarorð skólans voru: "Love first, last and always" Skólinn var ekki frábrugðinn öðrum skólum, nema að byrjað var á bæn á hverjum morgni. Börnin sem sóttu þennan skóla eru ekki endilega öll í kaþólsku kirkjunni. Þau voru meðvituð um kærleika og traust og þekktu vel muninn á: "bad words and good words" Ingileif sýndi margar myndir frá heimsókninni til Kanada og voru konur mjög áhugasamar og spurðu jafnóðum úti kennslutengd atriði.

Sesselja Sigurðardóttir fór svo með Orð til umhugsunar. Þau fjölluðu um hennar hjartans mál. Þau eru Zonta klúbburinn sem hún sagði næra bæði hjarta og heila. Zonta-konur styrkja konur um allan heim. Hún sagði frá verkefnum í Nepal og Madagaskar. Hún sagði síðan frá árlegri kyndlagöngu Zontakvenna frá kirkjutröppunum að ráðhústorgi vegna átaksins: "16 DAGA átak gegn kynbundnu ofbeldi". Sesselju var þakkað innilega fyrir að deila þessu með okkur.



Spurt var um hvernig Samræðupingið þann 5. október hefði gengið. Magnea Helgadóttir svaraði að dagskrá hafi verið fín, styrkjandi fyrir kennara. Áhersla lögð á að kennarar ættu að vera stoltir af því að vera kennarar.

Sameiginlegur jólafundur Beta-, Mý- og Nýdeildar haldinn á Hótel Kjarnalundi á Akureyri fimmtudaginn 28. nóvember. Sigríður Magnúsdóttir, Betadeild, setti fundinn og bauð konur velkomnar og kveikti á kertum og síðan sungin tvö jólalög. Kristín G Snæland Nýdeild flutti orð til umhugsunar og talaði um álag og stress í desember og skilaboð hennar til okkar voru þau að læra að njóta augnabliksins og vera ekki að stressa okkur yfir öllu. Njóta aðventunnar.

Brynhildur Þórarinsdóttir rithöfundur flutti erindi. Hún hefur skrifað 17 bækur, aðallega barnabækur og fjallaði um hve mikilvægt er að skrifa fyrir börn og halda bókum að börnum. Hún talaði um orðaforða, málfar og barnamenningu sem hún síðan tengdi inn í sína nýjustu bók Ungfrú fótbolti sem kom út á þessu ári. Bókin gerist árið 1986, árið sem Vigdís Finnbogadóttir varð forseti Íslands og fléttast hennar barátta inn í baráttu stelpnanna í Breiðholtinu fyrir því að stunda kvennafótbolta.

Jólaminning – Katrín Fjóla Guðmundsdóttir Mýdeild: Fyrst flutti Katrín ljóð fyrir okkur en síðan sagði hún okkur frá einhverjum eftirminnilegustu jólum sem hún hefur upplifað erlendis. Árið 2011 fór Katrín Fjóla í ferðalag með dóttur sinni til Nýja Sjálands en dóttir hennar hafði verið skiptinemi þar nokkrum árum áður. Katrín sagði á skemmtilega hátt frá upplifun sinni af jólum á framandi slóðum, uppi í sveit á Nýja Sjálandi sem er mjög ólíkt þeim hefðum sem við eigum að venjast. Jólin eru frekar lágstemmd og standa aðeins yfir í tvo daga. Að lokum var sungið jólalag og pyngja Betadeildar látin ganga.

Katrín Fjóla Guðmundsdóttir, formaður Mýdeildar





Ný

Á fyrsta fundi vetrarins sem haldinn var í golfskálanum á Sauðárkrók tóku systur okkar þar á móti okkur með súpu og tilheyrandi. Aðalfundarefnið var skipulag vetrarins þar sem við ræddum um að fundir verði haldnir í þriðju viku þá mánuði sem við fundum en hingað til höfum við fundað í september, október, nóvember, mars, apríl og í maí. Einnig var ákveðið þema fyrir veturinn og vorum við sammála um að kynna áhugaverðar konur frá hverjum stað. Hópurinn talaði einnig um að við gætum kannski bætt við óformlegri fundum eins og bókafundum og einhverju skemmtilegu sem okkur dettur í hug.



Annar fundur Nýdeildar var haldinn í október í safnaðarheimilinu við Hvammstangakirkju á Hvammstanga og þar tókum við inn tvær nýjar konur í félagsskapinn okkar það eru þær Ellen Mörk Björnsdóttir og Eydís Bára Jóhannsdóttir en þær eru þær fyrstu sem við tókum inn í NÝ deild síðan hún var stofnuð. Sögð var saga af systrunum Fjólu Eggertsdóttur fædd 1923 og lést í desember 2018 og Þóru Eggertsdóttur fædd í september 1926 og lést í ágúst 2015. Þóra var kennari í farskóla þar sem hún fór víða um og kenndi börnum í sveitinni þangað til hún hóf störf sem kennari við grunnskólann á Hvammstanga. Fjóla fór í garðyrkjuskóla í Hveragerði og menntaði sig og útskrifaðist sem garðyrkjufraeðingur. Ömmubarn Fjólu kom á

fundinn og sagði frá ömmu sinni, þetta var virkilega skemmtileg frásögn um lífsglaða konu.

Við höldum svo áfram að fræðast um áhugaverðar konur á Norðurlandi vestra í vetur. Í lok nóvember var okkur boðið að halda fund með systur okkar í Beta deild á Akureyri og MÝ deild í Eyjafirði. Við vorum átta úr NÝ deild sem mættum og áttum við mjög notalega stund í skemmtilegum hópi kvenna.



Vegna mikilla fjarlægðar og veðurfars höfum við ekki náð að hittast neitt fyrir utan þessa fundi sem eru fyrirfram ákveðnir en vonandi með hækkandi sól fer það að ganga. Einnig er það enn markmið okkar að fjölga í hópnum svo að fleiri konur fái að kynnast þessum frábæra félagsskap Delta Kappa Gamma.

Jenný Þórkatla Magnúsdóttir, formaður Nýdeildar



Zeta

Veðrið lék við okkur í maí 2019 þó kalt væri og það tókst að halda vorfundinn á Seyðisfirði. Tvær nýjar konur bættust í okkar fámenna en góða hóp. Þær Ólafía Þórunn Stefánsdóttir og Unnur Óskarsdóttir gengu formlega í Zetadeild DKG. Athöfnin var



notaleg og umgjörðin, gamli skólinn á Seyðisfirði, þessi 112 ára gamla bygging sveipaði hana virðulegum blæ. Á fundinum veltum við fyrir okkur mikilvægi þess að efla borgaravitund í skólastarfi í anda Sigrúnar Aðalbjarnardóttur. Að fundi loknum fóru þær Ólafía og Unnur með fundarkonur í skoðunarferð um Seyðisfjarðarskóla og síðan leiddi Unnur hópinn í stutta yoga-hugleiðslu. Að fundi loknum héldum við í sumarfrí.

Fyrsti fundur haustið 2019 var haldinn á Reyðarfirði. Stjórnin hafði áður fundað og lögð var fram starfsáætlun vetrar. Allar konur í félaginu taka þátt í að skipuleggja fundi vetrarins. Margrét Björk Björgvinsdóttir var með orð til umhugsunar. Þar sagði hún okkur frá gönguferð sinni um Jakobsveginn. Virkilega áhugaverð ferð sem krefst mikils undirbúnings og af umfjöllun hennar og af myndum að sjá má



ljóst vera að þessi ferð er bæði nærandi fyrir sál og líkama. Hún endaði ferðasögu sína á orðunum um mikilvægi þess að burðast ekki með of mikið í bakpokanum og eiga þau orð hennar vel við og auðvelt að yfirfæra þau á lífið sjálft.

Veðrið lék enn við okkur þegar boðað var til næsta fundar sem haldinn var í nóvember á Fáskrúðsfirði. Veður og færð skipta okkur öll á þessu litla landi miklu máli. Við erum búin að fá að kynnst því í vetur að kári hefur ekki blásið blíðlega og síðustu áföll, snjóflóðin á Flateyri vekja upp minningar hjá okkur hér fyrir austan. Við sendum hlýjar kveðjur vestur og til allra sem glímt hafa við kára í vetur. Á fundinum hlýddum við á fræðslu Sigrúnar Birnu Björnsdóttur, fræðslustjóri hjá Alcoa, Reyðarfirði. Hún sagði okkur frá því hvað felst í starfi fræðslustjóra í álveri og fjallaði um Stóriðjuskólann. Verum vakandi voru orð til umhugsunar á fundinum, Björg Þorvaldsdóttir talaði um samkeppni við hin ýmsu áreiti og áhrifavalda á netmiðlum. Hún fjallaði um mikilvægi þess að styðja við og vekja foreldra til umhugsunar um mikilvægi lesturs og að snjalltæki komi ekki í staðinn fyrir bækur.



Jólafundurinn var haldinn í Neskaupstað og áttum við notalega stund. Það er eitthvað við jólafundina, þessi árstími vekur upp sterkar minningar. Við fengum fróðleik um húsið sem við héldum fundinn í. Þar hafði áður verið starfrækt Kaupfélag en í dag er þar rekið Hótel. Góðar umræður voru um bækur sem við vorum að lesa eða höfðum nýlega lesið. Ég vil enda pistilinn á orðum Bjargar um mikilvægi lesturs og minna okkur á menningararfinn okkar sem við erum svo stolt af. Lesum meira og njótum.

Guðrún Ásgeirsdóttir, formaður Zetadeildar



Peta

Starfið í Þetadeild hófst 24. september 2018 og kynnti deildarstjórn fundardagskrá vetrarins. Áætlaðir eru sjö fundir í vetur og skipað var í nefndir til að virkja fleiri félagskonur í skipulagningu þeirra. Við höldum áfram með þema fyrra árs og leitumst við að styrkja tengslanetið innbyrðis og út á við. Vinsæll liður síðasta vetrar var liðurinn „Félagskona kynnir sig“ og munum við halda áfram með þann þátt. Félagskonan segir frá uppruna sínum, æsku, menntun, fjölskyldu og starfi og tekur hver kynning um 15 mínútur. Á þennan hátt fáum við að kynnast hvor annarri betur og styrkja tengslin.

Fyrsti fundur vetrarins var haldinn í leikskólanum Tjarnarseli og hófst hann á því að haldinn var klíðfundur þar sem félagskonur ræddu saman um það sem var eftirminnilegast frá sumrinu. Á þessum fundi voru teknar inn sex nýjar konur í deildina þær Hulda Jóhannsdóttir, Ingibjörg Jónsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Inga Sif Stefánsdóttir, Heiða Ingólfssdóttir og Lóa Björk Gestsdóttir.

Októberfundurinn var haldinn í Háaleitisskóla á Ásbrú. Á þeim fundi kynnti Dröfn Rafnsdóttir, deildarstjóri Miðju máls og læsis fyrir okkur um hvað Miðja máls og læsis er, sem var mjög áhugavert. Einnig kynnti Jurgita Milleriene fyrir okkur Litháíska móðurmálsskólann. Skólinn er 15 ára og í honum eru um 57 nemendur og 10 kennarar sem starfa við hann í sjálfboðavinnu.

Jólafundurinn var haldinn á Hótel Keflavík. Þar áttu félagskonur saman góða stund og kom séra Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir og flutti erindi.

Á nýju ári verða síðan fastir liðir eins og bókafundurinn og vorferðin, ásamt öðrum áhugaverðum fundum með fjölbreyttu efni.

Sigurlína Jónasdóttir, ritari Þetadeildar

Frá Evrópuforseta DKG

Evrópuforseti situr í stjórn alþjóðasambands DKG og fer á tvo stjórnarfundir í Austin í Texas á ári auk funda í upphafi og í lok tímabilsins. Fjöldi veffunda eru haldnir í verkefnavinnu sem alþjóðaforseti skipar okkur í.

Það er fróðlegt að kynnast alþjóðlegu starfi DKG og hve fjölbreytt það er. Ný lög og reglugerðir eru nú lagðar fyrir hvert alþjóðapínging, en þau eru haldin annað hvert ár. Áður fyrr, var einungis hægt að leggja fyrir lagabreytingar á fjögurra ára fresti og tók það því alltof langan tíma að ná breytingum í gegn. Allar konur sem mæta á þingið geta látið í ljós skoðun sína í oft fjörugum umræðum, en þó formföstum. Fjöldi mála liggja nú fyrir þessu þingi í Philadelphiu og vona ég að þátttaka á þinginu verði góð héðan, þar sem beint flug er til Philadelphiu. Bendi ég einnig þeim sem geta fengið styrki úr starfsmenntasjóðum að nýta sér það.

Það er mikilvægt að við kynnumst því sem er á boðstólum hjá alþjóðasamtökunum og látum í okkur heyra. Nýtum tengslanetið og sameinumst um að færa samtökin í átt til nýrra tíma.

*Ingibjörg Jónasdóttir
DKG Europe Regional Director*





Evrópu Forum

Evrópu Forum nefndin er nefnd átta Evrópulanda innan DKG. Hver nefnd starfar í eitt tímabil sem eru tvö ár en hver meðlimur má sitja í tvö tímabil. Nefndin hittist tvisvar á ári, annars vegar í einu heimalandanna og hins vegar á Alþjóðþingum. Svæðisstjóri Evrópusvæðisins er Ingibjörg Jónasdóttir og situr hún fundi nefndarinnar.

Nefndin starfar samkvæmt starfsáætlun sem m.a. byggir á starfi fyrri nefnda og svo nýjum áherslum hverju sinni. Að auki heldur nefndin ásamt vefstjóra utanum Evrópuvefinn <http://www.dkgeurope.org/> þar sem m.a. er að finna ýmsar fréttir frá löndunum og fundargerðir Forum nefndarinnar. Á vefnum er einnig að finna vef tímaritið Euforia sem kemur út tvisvar á ári í maí og nóvember. Ritstjóri vef tímaritsins er núna Helga Thorlacius og vefstjóri Eygló Björnsdóttir. Vef tímaritið birtir stuttar greinar um það sem er að gerast í löndunum, fréttir frá starfsemi deilda í hinum mismunandi Evrópulöndum, samstarfsverkefnum og nýjungum á sviði mennta- og fræðslumála.

Undirrituð er fulltrúi Íslands í núverandi nefnd sem lýkur starfi sínu 1. júlí í ár. Það hefur verið mjög fróðlegt að taka þátt í þessari nefnd og mér finnst skipta miklu máli að við DKG konur, hvar sem á landinu við erum, vitum um tilvist þessarar nefndar og vefsins sem henni fylgir.

Ég vil hvetja allar deildir til að kynna sér efni Evrópuvefsins og vef tímaritsins Euforia og taka þannig virkan þátt í samstarfi DKG kvenna innan Evrópu.

Helga Magnea Steinsson Zeta deild



EF nefndin 2018-2019





Markmið samtakanna eru:

- Að efla tengsl kvenna sem vinna að menntamálum/fræðslustörfum víðsvegar í heiminum.
- Að heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á einhverju sviði menntamála/fræðslumála eða eru að vinna markverð störf í þágu þeirra.
- Að efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.
- Að stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja hvers konar viðleitni til umbóta í menntamálum almennt og fyrir konur í fræðslustörfum.
- Að veita konum, sem skara fram úr í menntamálum, styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í fræðslustörfum utan samtakanna.
- Að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.
- Að fræða félagskonur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnámálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.

*Stefnuyfirlýsing Delta Kappa Gamma:
Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma
studla að auknum fræðilegum og
persónulegum þroska kvenna í
fræðslustörfum og gæðum í menntun og
uppeldisstörfum.*



Delta Kappa Gamma, Íslandi

Heimasíðan okkar er:

<http://dkg.is>

Heimasíða EvrópuForum er:

<http://dkgeurope.org>

Heimasíða alþjóðasamtakanna er:

<http://dkg.org>